



Reykjavík, 07. september 2026

Málsnúmer: USK25030168

Borgarráð

Fossvogsblettur - Lóðaframkvæmdir

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna lóðaframkvæmda við nýjan leikskóla á Fossvogsbletti.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í byrjun árs 2027 og er áætlaður framkvæmdatími 6 mánuðir.

Kostnaðaráætlun lóðaframkvæmda er 240 m.kr.

Verkið er á útboðsstigi og kostnaðaráætlun er í flokki 2.

Greinargerð:

Framkvæmdin felur í sér lóðarframkvæmdir vegna uppbyggingu nýs 2.185 m² leikskóla við Fossvogsblett.

Lögð er áhersla á að halda í stór og einkennandi tré á svæðinu og lóðin hönnuð í kringum þau.

Lóðin er skipulögð á þann máta að næst leikskólabyggingunni er að finna leikbúnað og harðari yfirborðsefni sambærileg þeim sem við þekkjum frá leikskólalóðum hér á landi. Leikkofar, sandkassar og rólur með timbryfirbragði í takt við umhverfið standa nærri byggingunni en þegar lengra er haldið út á lóðina verður yfirbragð lóðarinnar náttúrulegra og á köflum algerlega óhreyft frá því sem er í dag.

Kostnaðarstaður: 1106

Kostnaðaráætlun heildarverkefnis: 240 m.kr.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónusta

Hjálagt:

- Kynning



Reykjavík



Fossvogsblettur Nýr leikskóli Lóðarframkvæmdir

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felur í sér lóðarframkvæmdir vegna uppbyggingu nýs 2.185 m² leikskóla við Fossvogsblett.
- Leikskólinn verður 10 deilda og ætlaður fyrir 200 börn. Leikskólinn skiptist upp í þrjú heimasvæði eftir aldri barna.
- Við hönnun leikskólalóðarinnar við Fossvogsblett var fyrst og fremst horft til þeirra einstöku gæða sem lóðin hefur. Það er ekki algengt að nýjar leikskólalóðir skarti eins miklum trjágróðri er því áhersla lögð á að börnin hafi gott aðgengi að þessum grónu og villtari svæðum sem fær frjálsan leik barnanna til að blómstra.
- Hönnunin miðar að því að heildaryfirbragð lóðarinnar er sem náttúrulegast með sterka skógartengingu en engu að síður öruggt og aðgengilegt með góðum stígatenginum og úthugsaðri lýsingu sem eykur bæði öryggi og ýtir undir ævintýralega stemmningu.



- Lögð er áhersla á að halda í stór og einkennandi tré á svæðinu og lóðin hönnuð í kringum þau. Þar að auki liggur hluti Svartaskógar innan lóðarinnar.
- Lóðin er skipulögð á þann máta að næst leikskólabýggingunni er að finna leikbúnað og harðari yfirborðsefni sambærileg þeim sem við þekkjum frá leikskólalóðum hér á landi.
- Leikkofar, sandkassar og rólur með timbryfirbragði í takt við umhverfið standa nærri byggingunni en þegar lengra er haldið út á lóðina verður yfirbragð lóðarinnar náttúrulegra og á köflum algerlega óhreyft frá því sem er í dag.
- Útikennslusvæði með bálstæði er inni í skóginum sem gefur tækifæri til að fara í ævintýraferðir innan lóðarinnar þótt nálægðin við útivistarparadísina í Fossvoginum gefi gott færi á lengri leiðöngrum.
- Tvo minni garða má finna við austurhlið leikskólans. Eru þeir tengdir við smiðjur í byggingunni og má því auðveldlega nýta þau svæði til sköpunar og leiks sem fram fer í þeim smiðjum auk ræktunar í uppbyggðum ræktunarkössum og gróðurhúsi.





Afstöðumynd leikskóla og lóðar





- Áhersla er á að halda í grænt og gróið umhverfi.





Náttúrulegur efniviður





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður er 240 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir byrjun árs 2027

Áætlaður framkvæmdatími er 6 mánuðir



Reykjavík